

Kæra samstarfsfólk.

Verið hjartanlega velkomin á þennan árlega fræðsludag starfsfólks í stjórnslu og stoðþjónustörfum við Háskóla Íslands sem nú er haldinn með rafrænum hætti. Það er virkilega gaman að sjá hversu margir taka þátt í þessu mikilvæga samtali sem til stendur að eiga hér í dag.

Um næstu áramót tekur gildi kjarasamningsbundin stytting vinnuvikunnar. Þessi stytting er spennandi tækifæri fyrir okkur öll sem störfum hjá Háskóla Íslands til að gera góðan vinnustað enn betri. Því að með þessari breytingu felast nefnilega möguleikar til að endurhugsa ýmsa þætti í okkar starfi, til að mynda með áherslu á andlega og líkamlega vellíðan okkar.

Það eru tækifæri til að rýna í verklag, viðveru, fundarmenningu, rafræn samskipti og fleiri þætti sem eru hluti af okkar daglega vinnuumhverfi.

Breytingarnar taka gildi um áramótin en við viljum hefjast handa strax við undirbúa okkur og þess vegna er þetta meginviðfangsefni þessa fundar. Markmiðið með honum er að eiga samtal um það hvernig við getum nýtt sem best þau tækifæri sem við stöndum frammi fyrir. Við viljum ræða hverju þarf að breyta og hvað þarf að bæta og hvaða hindranir þurfi að yfirstíga til að stytting vinnuvikunnar skili sér í enn betra vinnuumhverfi hér við Háskóla Íslands.

Dagskráin í dag er þannig að rétt á eftir fáum við erindi frá Helga Héðinssyni sem ber heitið: Að þrífast vel í krefjandi starfi. Að því loknu fáum við erindi frá Sóleyju Tómasdóttur sem ber heitið Krafa um kulnun.

Ragnhildur Ísaksdóttir sviðstjóri mannauðssviðs verður með samantekt að loknum þessum tveimur erindum áður en farið er í vinnustofu sem leidd verður af Arnari Pálssyni og Jakobínu Hólmfríði Árnadóttur.

Ég vil bara að lokum ítreka að Háskóli Íslands er ekkert án þess góða og öflugra fólks sem hér starfar. Heilsa, vellíðan og starfsánægja hjá starfsfólki okkar er því forsenda fyrir því að við getum sótt áfram og náð frekari árangri. Þetta er því afar mikilvægt verkefni sem hér er á dagskrá í dag.

Gangi okkur öllum vel. Kærar þakkir.